

FUNDARBOÐ

**1864. fundur bæjarstjórnar Hafnarfjarðar
verður haldinn á fjárfundi, 17. febrúar 2021 og hefst kl. 14:00**

Dagskrá:

Almenn erindi

1. 2009616 - Drangsskarð 11, breyting á deiliskipulagi

9.liður úr fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 26.janúar sl.

Tekið fyrir að nýju. Deiliskipulagsuppdráttur ásamt greinargerð lóðarhafa barst 20.1.2020 þar sem óskað er eftir endurskoðun erindisins þar sem brugðist hefur verið við þeim athugasemdum sem bárust á tíma grenndarkynningar.

Skipulags- og byggingarráð samþykkir fyrirliggjandi tillögu að breyttu deiliskipulagi og vísar til staðfestingar í bæjarstjórn.

2. 1701084 - Hamranes I, nýbyggingarsvæði

2.liður úr fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 9.febrúar sl.

Lögð fram og kynnt reitaskipting m.t.t. áframhaldandi skipulagsvinnu. Jafnframt eru lögð fram uppfærð gögn varðandi landnotkunarbreytingu á nýbyggingarsvæði Hamraness.

Skipulags- og byggingarráð samþykkir framlagða reitaskiptingu og uppfærðan aðalskipulagsuppdrátt í samræmi við það og vísar til staðfestingar í bæjarstjórn.

Fulltrúi Samfylkingarinnar fagnar því að vinna við úthlutun lóða í næstu reitum Hamranes er að hefjast. Í ljósi þess að staða ungs fólk á húsnæðismarkaði hefur versnað til muna á síðustu árum þá leggur fulltrúi Samfylkingarinnar til að við úthlutun að reitum í Hamranesi verði horft til hagkvæmra íbúða fyrir ungt fólk. Mikilvægt er að í nýju hverfi Hamranes verði fjölbreytt þjónusta og atvinna í vaxandi hverfi og staðið verði við fyrri áætlanir um að þar verði heilsugæsla og hjúkrunarheimili. Á uppdættinum sést að ákveðnum reitum er ráðstafað til uppbyggingu skóla og leikskóla en engin lóð sérmerkt hjúkrunarheimili. Úr þessu þarf að bæta hið fyrsta og að lóð verði ráðstafað fyrir hjúkrunarheimili og heilsugæslu í hverfinu.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks og Framsóknar bóka eftirfarandi:

Það er ánægjulegt að sjá þá þróun sem er að eiga sér stað í Skarðshlíð og Hamranesi. Síðustu lóðunum í Skarðshlíð verður úthlutað á næsta fundi bæjarráðs og góður gangur er í gangi mála í Hamranesi. Fulltrúar meirihlutans taka undir bókun fulltrúa Samfylkingarinnar um mikilvægi þess að þar verði hagkvæmar íbúðir fyrir ungt fólk og gert verði sérstaklega ráð fyrir uppbygginu

hjúkrunarheimilis á svæðinu. Fulltrúar meirihlutans benda þó á mikilvægi þess fyrir samfélagið í heild að í Hamranesi verði fjölbreyttar íbúðir fyrir alla hópa samfélagsins; unga sem aldna.

3. 1801074 - Smyrlahraun 41a

4.liður úr fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 9.febrúar sl. Bæjarráð samþykkti þann 14.3.2020 að í stað byggingar leikvallar/leikskóla á lóðinni yrði byggður búsetukjarni fyrir fatlað fólk og vísaði til afgreiðslu umhverfis- og skipulagssviðs. Fjölskylduráð óskaði eftir lóðinni fyrir búsetukjarna þann 14.9.2018. Skipulags- og byggingarráð fól skipulagsfulltrúa þann 6.10.2020 að vinna áfram að málinu. Lögð fram tillaga að skipulagsferli.

Skipulags- og byggingarráð samþykkir umsögn skipulagsfulltrúa og visar fyrirbyggjandi aðlaskipulagsbreytingu í bæjarstjórn til samþykktar.

4. 1407063 - Norðurgarður og Norðurbakki - endurbygging

8.liður úr fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 9.febrúar sl. Skipulags- og byggingarráð samþykkti 1.12.2020 tillögu að breytingu á deiliskipulagi Norðurbakka að nýju og að málsmeðferð yrði í samræmi við 1.mgr. 43.gr. skipulagslaga. Erindinu var jafnframt vísað til staðfestingar í Hafnarstjórn og bæjarstjórn. Hafnarstjórn samþykkti erindið á fundi sínum þann 2.12.2020 og bæjarstjórn samþykkti samhljóða afgreiðslu hafnarstjórnar og skipulags- og byggingarráðs þann 9.12.2020. Tillaga að óverulegri breytingu á deiliskipulagi Norðurbakka var auglýst 18.12.2020-28.1.2021. Athugasemd barst. Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 7.2.2021 lögð fram.

Skipulags- og byggingarráð samþykkir breytingu á deiliskipulagi og vísar til staðfestingar í hafnarstjórn og bæjarstjórn.

1.liður úr fundargerð hafnarstjórnar frá 10.febrúar sl. Lögð fram að nýju tillaga að breytingu á deiliskipulagi Norðurbakka sem var samþykkt í hafnarstjórn þann 2.12.2020 og bæjarstjórn þann 9.12.2020. Tillaga að óverulegri breytingu á deiliskipulagi Norðurbakka var auglýst 18.12.2020 til 28.01.2021. Athugasemd barst. Jafnframt lögð fram afgreiðsla skipulags- og byggingarráðs á málinu frá 09.02.2021 þar sem breytingin er samþykkt og vísað til hafnarstjórnar.

Hafnarstjórn samþykkir breytingu á deiliskipulagi og vísar til staðfestingar í bæjarstjórn.

5. 2101553 - Stuðlaskarð 8-10-12, deiliskipulagsbreyting, umsókn

9.liður úr fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 9.febrúar sl. Afgreiðslufundur skipulags- og byggingarfulltrúa vísar þann 3.2.2020 umsókn Smára Björnssonar er varða breytingar á deiliskipulagi Skarðshlíðar 3 áfanga til skipulags- og byggingarráðs. Um er að ræða breytingu lóðanna við Stuðlaskarð 8, 10 og 12. Í breytingunni felst að húsin verði ein hæð í stað tveggja. 4 íbúðir í stað 4-6. Heimilt verði að reisa skjólgirðingu til að afmarka sérafnotafleti og heimilt að reisa stakstætt hús f/hjóla- vagnageymslu á lóð.

Skipulags- og byggingarráð samþykkir að tillaga að breytingu á deiliskipulagi verði auglýst og vísar erindinu til staðfestingar í bæjarstjórn.

6. 2102316 - Sléttuhlíð, breyting á aðalskipulagi

17.liður úr fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 9.febrúar sl.

Á fundi þann 24. mars 2020 var samþykkt að grenndarkynna óverulega breytingu á deiliskipulagi Sléttuhlíðar þar sem bætt yrði í greinargerðina heimild til að veita gistaðstöðu í flokki II í frístundabyggðinni í Sléttuhlíð. Á fundi ráðsins þann 19. maí 2020 var samþykkt breyting á deiliskipulaginu samanber umsögn skipulagsfulltrúa og var erindinu vísað til staðfestingar í bæjarstjórn.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti samhljóða afgreiðslu skipulags- og byggingarráðs á fundi sínum þann 27. maí 2020.

Í bréfi dags 13. ágúst 2020 frá Skipulagsstofnun kemur frá að umrædd breyting sé ekki í samræmi við Aðalskipulag Hafnarfjarðar 2013-2025.

Skipulags- og byggingarráð óskar eftir því að umhverfis-og skipulagssvið hefji vinnu við aðalskipulagsbreytingu í samræmi við erindið og vísar erindinu til samþykktar í bæjarstjórn.

7. 1801574 - Stjórnsýsla sveitarfélaga, eftirlitshlutverk, samningar, erindi

5. liður úr fundargerð bæjarráðs frá 11.febrúar sl.

Lagður fram viðauki við samkomulag um beitarhólf.

Jón Ingi Þorvaldsson lögmaður mætir til fundarins.

Bæjarráð samþykkir fyrirliggjandi samning um beitarhólf ásamt viðauka og vísar til staðfestingar í bæjarstjórn.

8. 2102175 - Dofrahella 3, umsókn um lóð

14.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 11.febrúar sl.

Lögð fram umsókn 1540 ehf. um lóðina nr. 3 við Dofrahellu.

Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn að lóðinni nr. 3 við Dofrahellu verði úthlutað til 1540 ehf.

9. 2101676 - Borgahella 13, umsókn um lóð

15.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 11.febrúar sl.

Lögð fram umsókn Trönudals ehf. um lóðina nr. 13 við Borgarhellu.

Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn að lóðinni nr. 13 við Borgarhellu verði úthlutað til Trönudals ehf.

10. 2101728 - Hádegisskarð 8, umsókn um lóð

16.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 11.febrúar sl.

Lögð fram umsókn Byggingarfélagsins Boga ehf. um lóðina nr. 8 við Hádegisskarð.

Alls bárust fjórar umsóknir um lóðina og dró fulltrúi sýslumanns úr umsóknum. Dregin var umsókn Byggingarfélagsins Boga ehf. og leggur bæjarráð til við bæjarstjórn að lóðinni verði úthlutað til félagsins.

11. 2102098 - Tinnuskarð 18, umsókn um lóð

21.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 11.febrúar sl.

Lögð fram umsókn Þorvarðar Sigurðar Jónssonar og Tinnu Rut Njálsdóttur um lóðina nr. 18 við Tinnuskarð.

Alls bárust fjórar umsóknir um lóðina og dró fulltrúi sýslumanns úr umsóknum.

Dregin var umsókn þeirra Þorvarðar Sigurðar Jónssonar og Tinnu Rutar Njálsdóttur og leggur bæjarráð til við bæjarstjórn að lóðinni verði úthlutað til þeirra.

12. 2102232 - Tinnuskarð 20, umsókn um lóð

26.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 11.febrúar sl.
Lögð fram umsókn Fritz Hendrik Berndsen, Báru Björnsdóttur og Sigurðar Ernzt Berndsen um lóðina nr.20 við Tinnuskarð.

Alls bárust fjórar umsóknir um lóðina og dró fulltrúi sýslumanns úr umsóknum. Dregin var umsókn þeirra Fritz Hendrik Berndsen, Báru Björnsdóttur og Sigurðar Ernzt Berndsen og leggur bæjarráð til við bæjarstjórn að lóðinni verði úthlutað til þeirra. Til vara var dregin út umsókn Skugga 3 ehf.

13. 2102238 - Tinnuskarð 22, umsókn um lóð

30.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 11.febrúar sl.
Lögð fram umsókn Sigurðar Berndsen og Hörpu Vigfúsdóttur um lóðina nr. 22 við Tinnuskarð.

Alls bárust fjórar umsóknir um lóðina og dró fulltrúi sýslumanns úr umsóknum. Dregin var umsókn þeirra Sigurðar Berndsen og Hörpu Vigfúsdóttur og leggur bæjarráð til við bæjarstjórn að lóðinni verði úthlutað til þeirra.

14. 2102230 - Tinnuskarð 26, umsókn um lóð

35.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 11.febrúar sl.
Lögð fram umsókn Fritz Hendrik Berndsen, Báru Björnsdóttur og Sigurðar Ernzt Berndsen um lóðina nr.26 við Tinnuskarð.

Alls bárust fimm umsóknir um lóðina og dró fulltrúi sýslumanns úr umsóknum. Dregin var umsókn þeirra Fritz Hendrik Berndsen, Báru Björnsdóttur og Sigurðar Ernzt Berndsen og leggur bæjarráð til við bæjarstjórn að lóðinni verði úthlutað til þeirra. Til vara var dregin út umsókn Fjarðargarða ehf.

15. 2102241 - Víkurskarð 6, umsókn um lóð

38.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 11.febrúar sl.
Lögð fram umsókn Sigurðar Berndsen og Hörpu Vigfúsdóttur um lóðina nr. 6 við Víkurskarð.

Alls bárust tvær umsóknir um lóðina og dró fulltrúi sýslumanns úr umsóknum. Dregin var umsókn þeirra Sigurðar Berndsen og Hörpu Vigfúsdóttur og leggur bæjarráð til að lóðinni verði úthlutað til þeirra.

16. 2102229 - Völuskarð 1, umsókn um lóð

42.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 11.febrúar sl.
Lögð fram umsókn Fritz Hendrik Berndsen, Báru Björnsdóttur og Sigurðar Ernzt Berndsen um lóðina nr. 1 við Völuskarð.

Alls bárust sex umsóknir um lóðina og dró fulltrúi sýslumanns úr umsóknum. Dregin var umsókn þeirra Fritz Hendrik Berndsen, Báru Björnsdóttur og Sigurðar Ernzt Berndsen og leggur bæjarráð til við bæjarstjórn að lóðinni verði úthlutað til þeirra. Til vara var dregin út umsókn Skugga 3 ehf.

Fundargerðir

17. 2101038 - Fundargerðir 2021, til kynningar í bæjarstjórn

Fundargerð umhverfis- og framkvæmdaráðs frá 10.febrúar sl.

a. Fundargerð stjórnar Strætó bs. frá 29.janúar sl.

Fundargerð fræðsluráðs frá 10.febrúar sl.

Fundargerð fjölskylduráðs frá 12.febrúar sl.

Fundargerð bæjarráðs frá 11.febrúar sl.

a. Fundargerð hafnarstjórnar frá 27.janúar sl.

b. Fundargerð menningar- og ferðamálanefndar frá 3.febrúar sl.

c. Fundargerð sambands íslenskra sveitarfélaga frá 16.desember sl.

d. Fundargerð stjórnar SSH frá 1.febrúar sl.

e. Fundargerð stjórnar SORPU bs. frá 29.janúar sl.

f. Fundargerð stjórnar Strætó bs. frá 29.janúar sl.

Fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 9.febrúar sl.

Fundargerð forsetanefndar frá 15.febrúar sl.

15.02.2021

Rósa Guðbjartsdóttir bæjarstjóri